

Þriðjudaginn 27. ágúst 1996.

Nr. 251/1996.

Margrét Einarsdóttir

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

gegn

Bjarna Bærings Bjarnasyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Fjárnám. Kæruheimild. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 13. maí 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 28. júní sama ár. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 30. apríl 1996, þar sem fellt er úr gildi fjárnám, sem sýslumaðurinn í Reykjavík gerði hjá varnaraðila 7. desember 1994. Um kæruheimild vísar sóknaraðili til 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Einnig krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar. Til vara krefst sóknaraðili lækkunar málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti. Til vara krefst hann staðfestingar hins kærða úrskurðar. Einnig krefst hann kærumálskostnaðar.

Í hinum kærða úrskurði er ógilt fjárnám hjá varnaraðila fyrir kröfu, að fjárhæð 120.000 krónur, auk vaxta og kostnaðar. Er því ekki fullnægt skilyrði um áfrýjunarfjárhæð í 1. mgr. 152. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála með áorðnum breytingum, en því verður beitt um kæru þessa, sbr. 4. mgr. 150. gr. laganna, 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989 og dóm Hæstaréttar 19. maí 1994 í máli nr. 176/1994. Verður því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

2383

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Margrét Einarsdóttir, greiði varnaraðila,
Bjarna Bærings Bjarnasyni, 30.000 krónur í kærumálskostnað.
